

Aðalfundur Sæljóns

haldinn á Akranesi 29. september 2016

Tillögur til 32. aðalfundar LS

Strandveiðar

1. Aðalfundur Sæljóns mótmælir harðlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra að skerða aflaviðmiðun á veiðisvæði D um 200 tonn.

Enn fremur að bæta 400 tonnum við önnur veiðisvæði en skilja okkur eftir með skertan hlut. Fundurinn gerir kröfu um að félagsmenn sitji við sama borð og aðrir með sömu afkomumöguleika.

2. Aðalfundurinn tekur undir hugmyndir um að strandveiðikerfinu verði breytt þannig að hægt sé að róa fjóra daga í viku, fjóra mánuði á ári með fjórar rúllur og sama róðratíma 14 klst.

Ef ekki er komið til móts við þær kröfur vilja strandveiðisjómenn á Akranesi fá að byrja veiðar í apríl og sleppa veiðum í ágúst mánuði.

Heildarafli

3. Aðalfundur Sæljóns lýsir vanþóknun sinni á ákvörðun sjávarútvegsráðherra um aðeins 5.000 tonna aukningu á heildarafla. Ráðherra segist fara eftir tillögum Hafró en þær byggjast á hæpnum forsendum eins og fulltrúar Landssambands smábátæigenda hafa sýnt fram á með rökum sem fengnar eru úr gögnum Hafró. Fundurinn gerir kröfu um að farið verði að tillögum Landssambands smábátæigenda í þessum efnum.

Gjaldtaka á smábátasjómenn

4. Aðalfundur Sæljóns mótmælir óhóflegum gjaldtökum á smábátæigendum. Gjaldtakan vex sem þúkinn á fjósbitanum. Fundurinn telur að Landssamband

smábátæigenda eigi að skipa starfshóp sem fer nákvæmlega í saumana á þessari óværu með það markmið að losa félagsmenn við sem mest af þessu (eftirlitsgj., skoðunargj., aflagjöld, hluti af kostn. við löndun, skipagjöld o.s.frv.)

Fiskverð

5. Aðalfundur Sæljóns telur að sú lækkun sem hefur orðið á fiskverði sl. 5 ár sé ekki einhlít. Fundurinn telur að hugsanlega sé um samráð milli fiskkaupenda að ræða. Fulltrúar Landssambands smábátæigenda þurfa að fara í þetta mál og leita e.t.v. til Samkeppnisstofnunar eftir liðsinni.

Uppboð á veiðiheimildum

6. Aðalfundur Sæljóns telur ekki tímabært að álykta um uppboðsleið á veiðiheimildum. Fundurinn telur engu að síður nauðsynlegt að fylgjast vel með hvernig málin þróast hjá vinum okkar í Færeyjum sem eru að þróa uppboðsleið með hluta af sínum veiðiheimildum.

Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum

7. Aðalfundur Sæljóns ályktar að Landssamband smábátæigenda óski eftir því að sjávarútvegsráðherra fái leyfi til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

Veiðar á stór hvöllum

8. Aðalfundur Sæljóns lýsir stuðningi við stórhvalveiðar við Ísland enda eru veiðarnar sjálfbærar og undir eftirliti vísindamanna sem láta náttúruna njóta vafans ef einhver er. Varasamt getur verið að taka of mikið tillit til „náttúruverndarfólks“ sem er fullt af trúarofstæki hvað þetta varðar.

Veiðar á ufsa

9. Aðalfundur Sæljóns gerir kröfu um að veiðar á ufsa ættu að vera frjálssar þar sem ekki hefur náðst að veiða viðmiðunarkvóta undanfarin ár.

Makrílveiðar

10. Aðalfundur Sæljóns telur að hlutur smábáta í makrílkvótanum við Ísland eigi að vera 16.000 tonn og að krókaveiðar á makríl eigi að vera frjálssar.

Fundurinn harmar stjórnun þessara veiða sl. ár og lýsir vanþóknun sinni á þeim vinnubrögðum sem notuð voru við ákvarðanatöku að veiðunum.

Grásleppuveiðar

11. Aðalfundur Sæljóns mótmælir harðlega þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps. Fundurinn krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net en þessi athugun var framkvæmd af sértökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

Fundurinn telur að skoða þyrfti breytingar á skipulagi grásleppuveiða er gengu út á það að öll landsvæði byrjuðu veiðar á sama tíma. Þá telur fundurinn að Landssamband smábátaeigenda eigi að þrýsta á að hrognakaupendur gefi út verð sín viku fyrir að vertíð hefjist.